

REGLUGERÐ

um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að ráðstafanir verði gerðar til að stuðla að því að öryggi og heilsa flugverja verði bætt.

Í þessu skyni eru í reglugerð þessari settar fram almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf, verndun öryggis og heilsu, útilokun þeirra þátta er bjóða hættu heim eða valda slysum, upplýsingar, samráð, eðlilega þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra, svo og almennar viðmiðanir við framkvæmd téðra meginreglna.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alla vinnu flugverja frá því að mætt er á vakt og lýkur er flugverji er laus við alla vinnuskyldu.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þó ekki þegar flugöryggi er stefnt í hættu, um störf að löggæslu og björgun eða þegar önnur störf að almannavörnum gera frávik nauðsynleg.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Flugverji er áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins. Flugverji er hver sá sem ráðinn er í vinnu í áhöfn loftfara af vinnuveitanda, þar með taldir nemar og þeir sem ráðnir eru tímabundið. Hugtakið flugverji tekur bæði til flugliða og þjónustuliða.

Flugliði er áhafnarliði sem er handhafi fullgilds flugliðaskírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.

Þjónustuliði er áhafnarliði sem er starfsmaður vinnuveitanda og falið er starf um borð í loftfari meðan á fartíma stendur sem er nauðsynlegt öryggi farþega, þó ekki starf flugliða.

Öryggistrúnaðarmaður flugverja er hver sá einstaklingur sem kosinn er, valinn eða tilnefndur í samræmi við 51. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 til að vera fulltrúi flugverja þegar upp koma mál í tengslum við öryggi og heilsu þeirra við vinnu.

Vinnuveitandi er hver sá aðili sem hefur flugverja í vinnu um borð í loftfari.

Forvarnir eru allar aðgerðir eða ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar í tengslum við alla þætti í starfsemi loftfarsins, er miða að því að fyrirbyggja eða draga úr áhættu við störf.

II. KAFLI

Skyldur vinnuveitanda.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Vinnuveitanda er skylt að tryggja öryggi og heilsu flugverja við allar aðstæður í vinnu.

Þótt vinnuveitandi fái til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga, skv. 4. mgr. 6. gr., leysir það hann ekki undan ábyrgð skv. 1. mgr.

Skyldur flugverja á sviði öryggis og hollustu við vinnu skulu ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitandans.

5. gr.

Almennar skyldur vinnuveitanda.

Ábyrgð vinnuveitanda felst í því að hann skal gera nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd flugverja, þar með taldar forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði. Vinnuveitandi skal vera vakandi fyrir því að laga þessar ráðstafanir að breyttum kringumstæðum og hafa að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður.

Vinnuveitandi skal koma í framkvæmd ráðstöfunum þeim sem um getur í 2. málslíð 1. mgr. er byggjast á þeim almennu meginreglum um forvarnir sem hér fara á eftir:

- a) að forðast áhættu;
- b) að meta þær hættur sem ekki er til fulls hægt að fyrirbyggja;
- c) að aðlagast tækni framförum;
- d) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt;
- e) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi;
- f) að flugverjar fái viðeigandi tilsögn.

Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar og með hliðsjón af því hvers eðlis starfsemi loftfarsins er, skal vinnuveitandi:

- a) meta þá áhættu sem tekin er hvað varðar öryggi og heilsu flugverja, meðal annars með vali á tækjum, efnum eða efnablöndum sem notaðar eru, sem og við val á innréttingum. Eftir að áhættan hefur verið metin og á þann hátt sem nauðsynlegt er, skulu forvarnir, vinnu- og framleiðsluaðferðir sem vinnuveitandi beitir:
 - tryggja flugverjum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu,
 - vera felldar inn í alla starfsemi loftfara og á öllum þrepum;
- b) þegar flugverja eru falin tiltekin verkefni, taka tillit til færni hans að því er varðar heilsu og öryggi;
- c) tryggja að þegar gerðar eru áætlanir um nýja tækni eða hún innleidd sé haft samráð við flugverja og/eða fulltrúa þeirra, hvað varðar afleiðingar sem val á tækjum, vinnuskilyrði og vinnuumhverfi hafa fyrir öryggi og heilsu flugverja;
- d) að taka viðeigandi skref í þá átt að tryggja að einungis þeir flugverjar sem hlotið hafa nægilega tilsögn hafi aðgang að svæðum þar sem alvarleg og sérstök hættu er á ferðum.

Kostnað af ráðstöfunum er tengjast öryggi, hollustuháttum og heilbrigði um borð í loftförum skal vinnuveitandi greiða.

6. gr.

Forvarnarstarf.

Að teknu tilliti til skyldna vinnuveitanda skv. 4. og 5. gr., skal vinnuveitandi þar sem starfa einn til fjórir flugverjar hafa náð samstarf við flugverja um úrbætur á vinnuumhverfi og vinnu að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi.

Hjá vinnuveitanda, þar sem vinna fimm flugverjar eða fleiri skal tilnefna einn eða fleiri öryggistrúnaðarmenn fyrir hverja tegund loftfara eða annað afmarkað vinnusvæði til að vinna að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi.

Hjá vinnuveitanda þar sem vinna fimm flugverjar eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Þeir flugverjar sem tilnefndir eru öryggistrúnaðarmenn sbr. 51. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og eða sitja í öryggisnefnd sbr. 52. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og eða vinnuverndarráði, sbr. 55. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 skulu í engu gjalda vinnu sinnar að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi. Flugverjum, sem tilnefndir eru, skal ætlaður nægilegur tími til að sinna skyldum þeim er reglugerð þessi leggur þeim á herðar.

Ef ekki er unnt að gera slíkar ráðstafanir til verndar eða forvarna, vegna þess að hæft starfsfólk er ekki að finna í loftfarinu skal vinnuveitandi fá til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga. Þegar vinnuveitandi fær slíka þjónustuaðila eða einstaklinga til liðs við sig skal hann upplýsa þá um þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna og skulu þeir hafa aðgang að upplýsingum þeim sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Starfsmenn og þjónustaðilar skulu hafa með sér nauðsynlegt samstarf og samráð.

Undir öllum kringumstæðum skulu:

- a) þeir starfsmenn sem tilnefndir eru hafa nauðsynlega færni og aðstöðu,
 - b) þeir utanaðkomandi þjónustuaðilar eða einstaklingar, sem leitað er ráða hjá, hafa nauðsynlega hæfni og faglega þekkingu, og
 - c) starfsmenn sem eru tilnefndir og utanaðkomandi þjónustuaðilar eða ráðgjafar vera nægilega margir til að fást við skipulagningu verndar- og forvarnarráðstafana, með hliðsjón af stærð loftfara og/eða þeirri áhættu sem starfsmenn búa við, sem og því hvernig hún dreifist í loftförum.
- Einn eða fleiri starfsmenn, eða þjónustuaðilar í loftfarinu eða utan þess, skulu bera ábyrgð á vernd og forvörnum gegn þeirri áhættu varðandi öryggi og heilsu sem grein þessi fjallar um.

7. gr.

Vinnuverndarráð.

Um skipun fulltrúa vinnuverndarráðs fer samkvæmt 55. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998. Vinnuverndarráð skal koma saman að lágmarki tvisvar á ári. Skipunartími formanns, nefndar- og varamanna skal vera fjögur ár.

8. gr.

Neyðartilvik.

Vinnuveitandi skal tilgreina fyrir hverja tegund flugvélar, hverjar skyldur hvers flugliða eru í neyðartilvikum eða við aðstæður sem krefjast neyðarrýmingar flugvélar. Í þjálfunaráætlun vinnuveitanda skal gert ráð fyrir þjálfun í neyðarviðbrögðum og skal hún fela í sér kennslu í notkun alls neyðar- og björgunarútbúnaðar sem krafist er að sé um borð, svo og æfingu í neyðarrýmingu flugvélarinnar.

9. gr.

Ýmsar skyldur vinnuveitenda.

Vinnuveitandi skal:

- a) vinna hættumat varðandi öryggi og hollustu á vinnustað er taki sérstakt mið af þeirri áhættu sem flugverjum er búin. Skal Flugmálastjórn Íslands afhent afrit af hættumati;
- b) ákveða hvaða verndarráðstafanir skal gera og, ef nauðsyn krefur, hvaða hlífðarbúnað ber að nota;
- c) halda skrá yfir vinnuslys sem valda því að flugverji er frá vinnu lengur en þrjá vinnudaga;
- d) taka saman skýrslur um vinnuslys sem flugverjar verða fyrir í starfi til handa Flugmálastjórn Íslands og eftir því sem við á, sbr. ákvæði reglugerðar um tilkynningarskyldu flugslysa og flugatvika nr. 126/1998.
- e) Heimilt skal að fella efni reglugerðar þessarar inn í flugrekstrarhandbók hlutaðeigandi flugrekanda þannig að framkvæmd ákvæða hennar falli undir gæðaeftirlit flugrekandans og almennt eftirlit Flugmálastjórnar Íslands.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

Vinnuveitandi skal gera þær ráðstafanir til að flugverjar og/eða fulltrúar þeirra fái allar nauðsynlegar upplýsingar um þá áhættu sem öryggi og heilsu þeirra er búin og verndar- og forvarnarráðstafanir og aðgerðir er snerta bæði loftför almennt og hverja gerð vinnuaðstöðu og/eða starfs.

Vinnuveitandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að flugverjum sem sérstaklega er ætlað að sinna verndun öryggis og heilsu eða öryggistrúnaðarmenn flugverja hafi, eftir því sem unnt er aðgang að:

- a) hættumati því og verndarráðstöfunum sem um getur í 9. gr.;
- b) skránni og skýrslunum sem um er rætt í c- og d-liðum 9. gr.;
- c) upplýsingum þeim er í ljós koma við verndar- og forvarnarráðstafanir og upplýsingum frá eftirlitsstofnunum og aðilum sem bera ábyrgð á málefnum er varða öryggi og hollustuvernd.

11. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Vinnuveitendur skulu hafa samráð við flugverja og/eða fulltrúa þeirra og heimila þeim að taka þátt í umræðum um öll mál er tengjast öryggi og hollustu um borð í loftförum. Þetta felur í sér:

- a) að haft er samráð við flugverja;

- b) að flugverjar eða fulltrúar þeirra hafi tillögurétt;
- c) eðlilega þátttöku í samræmi við landslög og/eða venjur.

Flugverjum þeim sem bera sérstaka ábyrgð á öryggi og hollustuvernd, eða öryggistrúnaðarmönnum, skal tryggð eðlileg þátttaka í samræmi við landslög og/eða venjur, eða að vinnuveitandi hafi samráð fyrirfram og tímanlega við þá, í sambandi við:

- a) allar ráðstafanir sem geta haft umtalsverð áhrif á öryggi og hollustu;
- b) tilnefningu þeirra flugverja sem um getur í 6. gr.;
- c) upplýsingarnar sem um getur í 9. gr. og 10. gr.;
- d) ráðningu hæfra þjónustuaðila eða einstaklinga utan loftfarsins, eins og um getur í 6. gr., eftir því sem við á;
- e) skipulagningu og fyrirkomulag þjálfunar þeirrar sem um getur í 12. gr.

Öryggistrúnaðarmenn flugverja og fulltrúar flugverja í öryggisnefndum skulu hafa rétt til að æskja þess að vinnuveitandi geri viðeigandi ráðstafanir og til að leggja fyrir hann tillögur þar að lútandi, til að draga úr hættu sem flugverjum er búin og/eða komast fyrir orsakir hennar. Ætíð skal Flugmálastjórn Íslands heimilt að krefja vinnuveitanda um skýrslugjöf vegna þeirra atriða er snerta aðbúnað og hollustu flugverja um borð í loftförum.

Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar flugverja í öryggisnefndum sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu í engu gjalda þeirra starfa sinna.

Vinnuveitendum er skylt að heimila öryggistrúnaðarmönnum og fulltrúum flugverja í öryggisnefnd að taka þann tíma frá vinnu sem með þarf án þess að laun skerðist og gera þeim kleift að beita rétti sínum og inna þær skyldur af hendi sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Flugverjar og/eða fulltrúar þeirra eiga rétt á að skjóta málum til Flugmálastjórnar Íslands, telji þeir að ráðstafanir þær sem gerðar hafa verið og úrræði þau sem vinnuveitandi notast við tryggi ekki öryggi og hollustu á vinnustað svo viðunandi sé. Áður en að Flugmálastjórn Íslands tekur ákvörðun skal leitað umsagnar flugrekanda.

Fulltrúum flugverja ber að fá tækifæri til að leggja athugasemdir sínar fyrir fulltrúa Flugmálastjórnar Íslands þegar hann kemur til að sinna eftirliti með loftfari.

12. gr.

Þjálfun starfsmanna.

Vinnuveitandi skal tryggja að hver flugverji fái nægilega þjálfun að því er varðar öryggi og hollustu, meðal annars með upplýsingum og tilsögn sem sniðin er að vinnuáðstöðu hans og starfi:

- a) um leið og hann er ráðinn til starfa,
- b) ef hann er fluttur á annan stað eða í annað starf,
- c) ef nýr búnaður er tekinn í notkun eða búnaði breytt,
- d) ef ný tækni er innleidd.

Þjálfunina skal:

- a) laga að nýjum eða breyttum áhættuþáttum, og
- b) endurtaka reglulega ef þörf er á.

Öryggistrúnaðarmenn og eða fulltrúar í öryggisnefnd starfsmanna eiga rétt á viðeigandi þjálfun.

Kostnað við þjálfunina sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal flugrekandi greiða.

Þjálfunin sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal fara fram á vinnutíma.

III. KAFLI

Skyldur starfsmanna.

13. gr.

Sérhver flugverji er ábyrgur fyrir því að gæta eigin öryggis og heilsu eftir því sem hann hefur tök á, svo og annarra einstaklinga sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi á vinnustað snertir, í samræmi við þjálfun hans og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið honum.

Í þessu skyni ber flugverjum einkum í samræmi við þjálfun sína og fyrirmæli þau er vinnuveitandi hefur gefið, að gæta þess að:

- a) nota vélar, tæki, verkfæri, hættuleg efni, flutningatæki og annan búnað á réttan hátt;
- b) nota persónuhlífar sem þeim er séð fyrir á réttan hátt og skila þeim á sinn stað eftir notkun;

c) taka ekki úr sambandi, né heldur breyta eða fjarlægja að geðþótta uppsettan öryggisbúnað og nota öryggisbúnaðinn rétt;

d) upplýsa vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu án tafar um allar aðstæður við vinnu þar sem ljóst má telja að öryggi og heilsu sé bráð hætta búin og um alla ágalla á fyrirkomulagi sem ætlað er til verndar;

e) hafa samstarf við vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu, svo lengi sem þörf kann að vera til að hægt sé að sinna þeim verkum eða verða við þeim kröfum sem settar hafa verið til verndunar öryggis og heilsu starfsmanna á vinnustöðum;

f) hafa samstarf við vinnuveitanda og/eða þá starfsmenn sem hafa sérstöku hlutverki að gegna við vernd öryggis og heilsu, svo lengi sem þörf kann að vera á til að vinnuveitandi geti tryggt öruggt vinnuumhverfi og vinnuskilyrði og svo að öryggi og heilsu sé engin hætta búin á athafnasvæði þeirra.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

14. gr.

Heilbrigðisskoðun, heilsuvernd.

Flugverjar eiga rétt á ókeypis heilbrigðisskoðun við ráðningu og með reglulegu millibili þaðan í frá. Eftirlitið má fara fram innan ramma heilbrigðiskerfisins. Flugverjar, sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem ljóst er að rekja má til þess að þeir vinna einnig næturvinnu, verða færðir til þegar kostur er, í dagvinnustörf í lofti eða á jörðu sem henta þeim.

Flugverjar skulu njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt og tryggja ber að litið sé eftir heilsu þeirra í samræmi við áhættuna sem starfið felur í sér.

Fullnægjandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða, sem þjónar slíkum tilgangi, skal ávallt vera fyrir hendi vegna öryggis og heilsu þeirra.

15. gr.

Vinnumynstur.

Gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi, sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri, taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga vinnuna starfsmanninum.

16. gr.

Sérstök áhætta.

Huga skal að þeirri sérstöku áhættu sem fylgir störfum í loftföllum þannig að leitast sé við að draga úr henni.

17. gr.

Vinnustaðir á jörðu niðri.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, gilda um vinnuumhverfi áhafna á jörðu niðri eins og unnt er.

18. gr.

Persónuhlífar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa, gilda um vinnu um borð í loftföllum eins og unnt er og við getur átt.

19. gr.

Tæki.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 431/1997, um notkun tækja, gilda um vinnu um borð í loftföllum eins og unnt er og við getur átt.

20. gr.

Öryggi og hollusta þegar byrðar eru handleiknar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 499/1994, um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

21. gr.

Krabbameinsvaldandi efni.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 621/1994, um vinnu með krabbameinsvaldandi efni, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er.

22. gr.

Líffræðilegir skaðvaldar.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 554/1996, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er.

23. gr.

Öryggis- og heilbrigðismerki.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við á.

24. gr.

Þungaðar konur.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 679/1998, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, gilda um vinnu um borð í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

25. gr.

Starfsmenn í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 433/1997, um ráðstafanir til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi, gilda um flugverja eins og unnt er.

26. gr.

Hávaðaeftirlit og heyrnareftirlit starfsmanna.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu reglur nr. 500/1994 um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna, gilda um vinnu í loftförum eins og unnt er.

27. gr.

Asbestos efni.

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu reglur nr. 379/1996 um asbestos efni, gilda um vinnu í loftförum eins og unnt er og við getur átt.

28. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir.

V. KAFLI
Lagastoð og gildistaka.

29. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 145. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, sbr. VI. kafla, og með hliðsjón af tilskipunum ráðsins nr. 89/391 EBE frá 12. júní 1989, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum öðlast þegar gildi. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af eftirtöldum tilskipunum ráðsins sem settar eru samkvæmt ofangreindri tilskipun:

nr. 89/654/EBE, frá 30. nóvember 1989, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (fyrsta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 89/655/EBE, frá 30. nóvember 1989, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota tæki á vinnustöðum (önnur sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 89/656/EBE, frá 30. nóvember 1989, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (þriðja sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 90/269/EBE, frá 29. maí 1990, um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og hætta er á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum (fjórða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 90/394/EBE, frá 28. júní 1990, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 90/679/EBE, frá 26. nóvember 1990, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 92/58/EBE frá 24. júní 1992, um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum (nítunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 92/85/EBE frá 19. október 1992, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (tíunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE);

nr. 91/383/EBE frá 25. júní 1991, um starfsmenn í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

Reglugerð þessi er jafnframt sett með hliðsjón af þriðju tilskipun ráðsins nr. 80/1107/ EEC en tilskipun nr. 86/188 hávaðaeftirlit og heyrnareftirlit starfsmanna er sett samkvæmt henni svo og tilskipun nr. 83/477/EBE og 91/382 um asbestos efni á vinnustað.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.